

Við þurfum að þekkja Guðs orð, svo við getum varast slíka hluti. – Þegar Jesús mætti Freistar-anum í eyðimörkinni, þá svaraði hann með orði Guðs. Lærum að þekkja orð Guðs, sem er eins og tvíeggjað sverð, sem getur bjargað lífi okkar, ef við kunnum að nota það rétt.

Þegar Guð talar þá:

- leiðbeinir hann alltaf í samræmi við Orð sitt, og talar í gegnum Orðið, þegar við lesum það.
- hann talar í friði, það er ekki ótti, öryggisleysi eða angist sem því fylgir, þó við getum stundum fundið fyrir kvíða ef við þurfum að gera eitthvað sem okkur finnst erfitt, en þá vitum við að Guð er með okkur í því.
- Stundum notar hann annað fólk til að tala til okkar.
- oft fer vilji Guðs að vaxa smátt og smátt innra með okkur. Það er eins og lítil hugsun setjst að í huga okkar, hún hverfur ekki en fer vaxandi með tímanum. Þannig held ég að Guð fari oft að þegar um miklar breytingar er að ræða.
- því meiri tíma sem við eyðum í nærveru Guðs, því betri aðgang hefur hann að okkur, til að tala til okkar.

Þegar við leitum vilja Guðs í bæn, þá kemur ýmist, grænt ljós, gult, eða jafnvel rautt. Grænt ljós þýðir JÁ – gult ljós þýðir BÍDDU – rautt ljós þýðir NEI.

Þegar Guð talar til okkar þá fáum við innri frið varaðandi það sem við erum að biðja fyrir.

Og við getum eins og „tækkað á svarinu“ með því að spyrja:

- Er þetta í andstöðu við Guðs orð?
- Er þetta eigingirni mín?
- Gerir þetta öðrum illt?
- Geng ég á rétt annarra?

Ég hef reynt af því að Guð gefi mér ákveðinn ritningarstað, sem talar mjög skírt inn í þær kringumstæður, sem ég er að biðja fyrir. Verum opin fyrir því sem Guð vill segja við okkur. Leitaðu líka ráða hjá reyndu trúuðu fólki, sem þú treystir, áður en þú tekur mikilvægar ákvarðanir. Stundum þurfum við að prófa það sem okkur finnst Guð tala til okkar og þá er gott að hafa aðgang að góðu fólki í kirkjunni.

MUNUM að Guð hefur góða áætlun með líf okkar allra, okkur og öðrum til blessunar. Þess vegna skulum við leggja okkur fram um að vera í áætlun hans og leita hans vilja.



Hvernig leita ég vilja Guðs?

Íslenska Kristskirkjan starfar í Reykjavík, í glæsilegu húsnæði að Fossaleyni 14 í Grafarvogi og á einnig og rekur starfsmiðstöð á Austurlandi, á landi Eyjólfstaða, 9 km suður af Egilsstöðum.

Líttu við á vef Íslensku Kristskirkjunnar á www.kristskirkjan.is og kynntu þér starf safnaðarins, þar sem þú getur einnig nálgast mikið af öðru uppbyggilegu efni til lesturs á borð við þetta rit.

*Þurfum við að leita vilja Guðs með ákvarðanir okkar?
Þarf hann að ráða lífi okkar eins og við séum strengjabrúður?
Höfum við ekki frjálstan vilja?*

Þegar við játumst Jesú, segjumst vilja hafa hann sem leiðtoga lífs okkar, eða viljum lúta honum sem Drottni í lífi okkar, þá gefum við yfirlýsingu um það að við viljum láta hann ráða í lífi okkar.

Þegar ég hvet fólk til að leita vilja Guðs með ákvarðanir, sem það þarf að taka, þá spyr það oft: Hvernig fer ég að því? Ég kann það ekki.

Þess vegna langar mig að við hugleiðum það stuttlega, hvernig við leitum vilja Guðs, svo við getum farið eftir honum.

Við leitum vilja Guðs fyrst og fremst í bæn

Við skulum byrja á því að minna okkur á hver sá Guð er sem við trúum á:

Hann er almáttugur, eilífur, alvitur og alls staðar nálægur. Þess vegna getum við leitað hans hvar sem við erum stödd.

Persónueinkenni hans eru þessi:

Hann er kærleiksríkur, trúfastur, miskunnssamur, umhyggjusamur, úrræðagóður.

Þegar við leitum eftir vilja Guðs;

1. verðum við að trúa að hann vilji leiða okkur.

Hebr. 11:6 segir: „Ógerlegt er að þóknast Guði án trúar, því að sá sem vill nálgast Guð verður að trúa því að hann sé til og að hann umbuni þeim er leita hans.“ Í Sálmi 32:8 segir Guð: „Ég vil fræða þig, vísa þér veginn sem þú átt að ganga, ég vil gefa þér ráð, vaka yfir þér.“

Hann vill kenna okkur og leiðbeina, vegna þess að hann ber umhyggju fyrir okkur, honum er ekki sama hvernig okkur reiðir af.

Sálm. 119:105 segir: „Þitt Orð er lampi fóta minna og ljós á vegum mínum.“ Í Jóh. 10:3-4 segir: „Dyravörðurinn lýkur upp fyrir honum og

sauðirnir heyra raust hans og hann kallar á sína sauði með nafni og leiðir þá út. Þegar hann hefur látið út alla sauði sína fer hann á undan þeim og þeir fylgja honum af því að þeir þekkja raust hans.“ Og í versí 27: „Mínir sauðir heyra raust mína og ég þekki þá og þeir fylgja mér.“

2. þurfum við að koma fram fyrir hann í auðmýkt. Við þurfum að hafa hugarfar lærisveinsins. Í Jakobsbréfi 4:6b-8 segir: „Þess vegna segir Ritningin: Guð stendur í gegn dramblátum en auðmjúkum veitir hann náð. Gefið ykkur því Guði á vald, standið gegn djöflinum og þá mun hann flýja ykkur. Nálgagið ykkur Guði og þá mun hann nálgast ykkur. Hreinsið hendur ykkar, þið syndarar, og gerið hjörtun flekklaus, þið tvílyndu. Og í Sálmi 25:8-10 segir: „Góður og réttlátur er Drottinn, þess vegna vísar hann syndurum veginn. Hann leiðir hógværa á vegi réttlætisins og vísar auðmjúkum veg sinn. Allir vegir Drottins eru elska og trúfesti fyrir þá sem halda sáttmála hans og boð.“

3. þá má ekki vera óuppgerð synd í hjarta okkar – því hún kemur í veg fyrir það að við heyrum frá Guði og að hann heyri í okkur. Sálm. 66:18 segir: „Hefði ég haft illt í huga hefði Drottinn ekki hlustað.“ Í Jes. 59:1-2 stendur: „Sjá, hönd Drottins er eigi svo stutt, að hann geti ekki hjálpað, og eyra hans er ekki svo þykkt, að hann heyri ekki. Það eru misgjörðir yðar, sem skilnað hafa gjört milli yðar og Guðs yðar, og syndir yðar, sem byrgt hafa auglit hans fyrir yður, svo að hann heyri ekki.“

4. verðum við að bíða eftir því að Guð tali, eða leiðbeini okkur, ekki fara á undan honum. Sálm. 62:2. „Bíð róleg eftir Guði sála mín.“ Jes. 28:16b. „Sá sem trúir er ekki ódlátur.“

Ég sagði áðan að við leituðum Guðs fyrst og fremst í BÆN. Við biðjum hann að tala til okkar og þurfum þá líka að gefa okkur tíma til að hlusta. Við leitum líka í Biblíuna, því Guð notar Orð sitt til að tala til okkar. Svo notar Guð líka fólk, sem hann getur sent í veg okkar með leiðsögn, eða skilaboð.

Ef við viljum fylgja Kristi, þá þurfum við að fara þá leið, sem hann ætlar okkur. Sumir halda að þetta gildi bara um þá sem helga líf sitt þjónustu í Guðs ríki, eða fólk sem lifir sérstaklega helguðu lífi. – Svo er alls ekki. Þetta á við um pípuþingarmenn, smíði, tölvufræðinga, húsmæður, kennara, alla sem vilja fylgja Kristi. Guð hefur áætlun með líf okkar allra, sem er til blessunar bæði fyrir okkur og aðra. Langar okkur ekki öll til að verða þeirra blessunar aðnjótandi? Lestu Jer. 29:11.

Við þurfum að leita vilja hans. Ekki þó svo að við þurfum að spyrja hann hvorn fótinn við eigum að setja fyrst fram úr rúminu á morgnana. Hann hefur gefið okkur vit og skynsemi, sem hann vill að við notum. En þegar við þurfum leiðsögn, eða þurfum að taka afdrifaríkar ákvarðanir, t.d. um makaval, menntun, miklar fjárfestingar, búsetu eða annað, þá þurfum við að leita vilja hans. Hann vill líka leiðbeina okkur í daglega lífinu, því það getur oft verið viðsjárvert.

„Sá sem treystir eigin hyggjuviti, er heimskingi“ segir í Orðskv. 28:26. Jes. 55:8-9 segir: „Já, mínar hugsanir eru ekki yðar hugsanir, og yðar vegir ekki mínir vegir, segir Drottinn. Heldur svo miklu sem himininn er hærrí en jörðin, svo miklu hærrí eru mínir vegir yðar vegum og mínar hugsanir yðar hugsunum.“ Er ekki gott að eiga aðgang að leiðsögn Guðs, til þess að geta farið réttan veg?

En þegar við setjumst niður og leitum vilja Guðs, biðjum hans Heilaga anda að tala til

okkar, þá skulum við gera ráð fyrir því að hann geri það.

Þegar við tölum um að heyra röddu Guðs, þá er það ekki endilega „rödd“ sem við heyrum. Það getur verið mynd, sem birtist okkur í sýn eða draumi, eða – eins og ég held að það sé oftast – innri hugsun, sem kemur til þín í friði. Það getur líka verið að Guð talar sterkt til þín þegar þú lest Orð hans. Guð notar ýmsar leiðir, en æfum okkur í að þekkja „rödd“ hans.

Þegar svo einhver hugsun kemur í huga okkar, þá getum við skoðað hana og sett hana eins og í gegnum leitarforrit, til að athuga hvort hún stangast nokkuð á við Orð Guðs.

Við þurfum að læra að leggja okkar eigin langarnir til hliðar. Við getum spurt; geri ég þetta af eigingirni eða sjálfselsku? Er ég að leita einhvers frama eða að vaxa í áltí annarra? Eða er ég að reyna að koma mér hjá því að gera það sem ég veit að ég á að gera? Ef svo er ekki, þá getum við gert ráð fyrir að þessi hugsun sé ekki frá okkur.

Við þurfum líka að spyrja okkur:

- Leiðir þessi hugsun mig frá Guði, burt frá þeirri áætlun sem hann hefur með mig, eða því sem hann er að gera í lífi mínu? Við eigum nefnilega óvin, sem vill leiða okkur burt frá Guði. Hann vill líka láta okkur taka skyndi-ákvörðun, ekki bíða eftir svari Guðs. (sá sem treystir Drottni er ekki ódlátur). Það hafa margir farið flatt á því að taka skyndi-ákvörðanir.
- Færir þessi hugsun mér kvíða eða óöryggi, ef svo er, þá er það trúlega ekki frá Guði.
- Stangast þetta á við Guðs orð? Ef svo er, þá er það ekki Guð. Hann hvetur mig t.d. ekki til að stela, þó það sé bara pínulítið, eða pretta aðra, eða ljúga, bara pínulítið.